**Ársreikningur Avant hf. 2007:**

# Góður vöxtur á árinu 2007

**Helstu niðurstöður:**

- Hreinar vaxtatekjur 385 milljónir króna
- Hreinar þóknanatekjur 60 milljónir króna
- Tap ársins um 45 milljónir króna
- Heildareignir í árslok 17.834 milljónir króna samanborið við 4.269 milljónir króna í ársbyrjun
- Útlán námu 17.224 milljónum króna til ríflega 9 þúsund viðskiptamanna
- Eiginfjárhlutfall á CAD grunni var 9,6%

**MAGNÚS GUNNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI AVANT:** „Í raun bjuggum við til nýtt fyrirtæki á árinu 2007. Það gekk mjög vel og er Avant nafnið þegar orðið vel þekkt. Á árinu var unnið markvisst að markaðsstarfi, uppbyggingu innviða og fjármögnun. Uppbyggingarstarfið gekk vel og var vöxtur og afkoma í samræmi við væntingar. Allur kostnaður við hönnun á nýju nafni og merki og markaðsstarf var gjaldfærður á árinu og skýrir það neikvæða afkomu. "

**Rekstur Avant**

**Helstu niðurstöður rekstrarreiknings**

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 1.406.534 | 273.719 |
| Vaxtagjöld | ( 1.021.660) | ( 100.927) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | 384.874 | 172.792 |
| Þjónustutekjur | 69.558 | 63.497 |
| Þjónustugjöld | ( 9.732) | ( 6.479) |
| **Hreinar þjónustutekjur** | 59.826 | 57.018 |
| **Hreinar tekjur** | 444.700 | 229.810 |
| Hreinn gjaldeyrismunur | 27.710 | 4.899 |
| Rekstrarkostnaður | ( 409.172) | ( 132.580) |
| Virðisrýrnun | ( 118.235) | ( 36.317) |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | ( 54.997) | 65.812 |
| Tekjuskattur | 10.075 | ( 11.846) |
| **(Tap) hagnaður ársins** | ( 44.922) | 53.966 |

Hreinar vaxtatekjur ársins námu 385 milljónum króna. Hreinar þjónustutekjur námu 60 milljónum króna. Rekstrargjöld námu 409 milljónum króna og virðisrýrnun 118 milljónum króna. Tap eftir tekjuskatt nam 45 millj. kr.

**Helstu niðurstöður efnahagsreiknings**

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Handbært fé | 290.113 | 46.363 |
| Afleiðusamningar | 47.614 | 6.867 |
| Kröfur á tengd félög | 0 | 333.853 |
| Útlán og kröfur | 17.224.507 | 3.867.729 |
| Rekstrarfjármunir | 9.656 | 8.408 |
| Óefnislegar eignir | 108.566 | 0 |
| Skatteign | 67.618 | 5.444 |
| Aðrar eignir | 86.340 | |
| **Eignir samtals** | 17.834.414 | 4.268.664 |
| **Skuldir** | | |
| Afleiðusamningar | 303.405 | 325.348 |
| Lántaka | 15.688.390 | 3.422.060 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 52.381 | 17.290 |
| Aðrar skuldir | 71.194 | 0 |
| **Skuldir samtals** | 16.115.370 | 3.764.698 |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 765.000 | 450.000 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | 945.000 | 0 |
| Lögbundinn varasjóður | 5.397 | 5.397 |
| Óráðstafað eigið fé | 3.647 | 48.569 |
| **Eigið fé samtals** | 1.719.044 | 503.966 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | 17.834.414 | 4.268.664 |

Heildareignir Avant námu 17.834 milljónum króna í árslok 2007. Útlán námu 17.224 milljónum króna. Lánasafnið er mjög dreift og voru viðskiptamenn í árslok ríflega 9 þúsund.

Lántaka nam 15.688 milljónum króna í árslok 2007. Í lok árs 2007 gekk félagið frá 10.000 milljóna reikningslánalínu til eins árs, með framlengingarheimild.

Eiginfjárhlutfall á CAD-grunni var 9,6% í árslok 2007.

Nánari upplýsingar veitir:

Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Avant í síma 412-8900.

## Um Avant:

Avant hf. er eignaleigufyrirtæki stofnað í ársbyrjun 2006 og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Avant er dótturfyrirtæki og alfarið í eigu Askar Capital hf. Starfsemin var áður rekin undir merkjum Sjóvár og þá sem Sjóvá fjármögnun hf. Ársreikningur Avant hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um ársreikninga.